

Mál nr. 314/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Ekið aftan á.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 4. október 2022, ásamt mynd og myndbandi.
2. Bréf V1, dags. 20. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V2, dags. 7. nóvember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. nóvember 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð á Vesturhólum við Arahóla þann 14. september 2022 milli bifreiðanna A, sem M ók og er váttryggð hjá V1 og B sem er váttryggð hjá V2. Samkvæmt ökutækjaskýrslu frá fyrirtækinu Aðstoð & öryggi (AÓ) sem kom á vettvang og aðstoðaði ökumenn við gerð skýrslu um atvikið, voru málatvik með þeim hætti að bifreiðinni A var ekið inn á Vesturhóla frá Vesturbergi. Bifreiðinni B var ekið eftir Vesturhólum þegar ökumaður A hemlaði skyndilega á veginum með þeim afleiðingum að ökumaður B ók aftan á A. Ökumaður A (M) kveðst hafa dregið úr hraða vegna hraðahindrunar sem var framundan en ökumaður B segir ökumann A hafa stöðvað skyndilega fyrir framan hraðahindrunina og hún hafi við það ekið aftan á A.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 359/22 að ökumaður A (M) bæri alla sök á árekstrinum þar sem honum bar að veita allri umferð um Vesturhóla forgang samkvæmt biðskyldu og vegna tilefnislausrar hemlunar. M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur sig ekki bera ábyrgð á tjóninu. Hann hafi ekki verið nýkominn úr beygju er árekstur átti sér stað, beygjan er langt frá árekstrarstað og einnig hafi hann ekki skyndilega stöðvað bifreiðina. Fyrirliggjandi myndband sýni að hann hafi hægt á bifreiðinni en ekki stöðvað bifreiðina. Hann hafi ekið bifreiðinni á 30 km/klst. hraða og að hann hafi hægt á sér vegna manna sem skyndilega birtust hægra megin við veginn auk þess sem hraðahindrun var framundan.

V1 skilar ekki inn athugasemdum vegna málsins. V2 telur að leggja beri alla sök á ökumann A sem bar að veita allri umferð um Vesturhóla forgang samkvæmt biðskyldu og tilefnislausri stöðvun.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var bifreiðinni B ekið aftan á bifreiðina A sem M ók. Ökumaður A hafði skömmu fyrir áreksturinn ekið af biðskyldu á gatnamótum Vesturbergs og Vesturhóla. Af gögnum málsins og þá sérstaklega framburði ökumanna og myndbandsupptöku úr bifreið A, verður ekki séð að árekstur sá sem hér um ræðir tengist því að A ók skömmu áður frá biðskyldu og inn á Vesturhóla. Verður því ekki talið að ökumaður A hafi brotið gegn 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga þar sem kveðið er á á skyldu til að veita öðrum forgang. Kemur þá til skoðunar hvort ökumaður A hafi hemlað skyndilega og af tilefnislausu. Í 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að ökumaður megi ekki að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að það teji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu. Auk þess er hægt að benda á 2. mgr. 20. gr. sömu umferðarlaga þar sem kemur fram að ökumaður, áður en hann ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða ökutækis, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Af gögnum málsins og þá sérstaklega fyrirliggjandi myndbandsupptöku má sjá að þessa gætti M, sem ökumaður bifreiðarinnar A, ekki nægilega vel og verður hann að bera hluta sakar á árekstrinum vegna þeirrar háttsemi. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hættu á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skal þess gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. Þessu gætti ökumaður B ekki að í aðdraganda áreksturs og ber hann því einnig hluta sakar á árekstrinum. Þannig sýndu báðir ökumenn gáleysi við akstur sinn og veður ekki ráðið af gögnum málsins eða málsatvikum að öðru leyti að leggja eigi meiri sök á annan ökumann fremur en hinn. Sök verður því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir